

Ár 2024, miðvikudaginn 9. október, er í dómstól ÍSÍ, í málinu nr. 7/2024:

Ragnar Sverrisson

gegn

Dansíþróttasambandi Íslands (DSÍ)

uppkveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Mál þetta úrskurðar Halldór Frímansson, dómari í dómstól ÍSÍ.

Kæran var móttækin af skrifstofu ÍSÍ 8. október 2024.

Samkvæmt gr. 24 laga ÍSÍ segir eftirfarandi um kærufrest í 1. málslíð gr. 24.1:

Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er sjö virkir dagar og skal talið frá og með deginum eftir að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnar í lögum viðkomandi sérsambands.

Samkvæmt þessu ákvæði er kærufrestur útrunninn í máli þessu, hvort sem horft er til upphafs eða síðustu samskipta aðila.

Með vísan til þessa er máli þessu vísað frá dómstól ÍSÍ á grundvelli þess að kærufrestur er útrunnin skv. gr. 24.1 í lögum ÍSÍ.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Halldór Frímansson (sign)
Dómari

Samkvæmt gr. 24.2 í lögum ÍSÍ segir eftirfarandi:

Dómstóll ÍSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Einnig segir í gr 24.3 í lögum ÍSÍ eftirfarandi:

Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi frest í fimm virka daga til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

